

1871. hær í borginni af því fê, sem veitt er með fjárhagslögnum 20
1. marz. gr. VI. C.

4. marz.

16. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um styrk til að girða og rækta tún á Vestmannaeyjum.¹

Í sambandi við bréf stjórnarráðsins 31. janúar þ. á., gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þær auglýsið það, að 500 rd. eru veittir af því fê, sem til er tekið í Áætlun um tekjur og útgjöld Íslands fyrir reikningsárið 1871—72. 11. gr., til þess að halda áfram að girða og rækta tún á Vestmannaeyjum.

Um leið og þess er getið, að stjórnarráðið hefir í dag sagt landfógetanum að láta þetta fê af hendi þá er þær heimtið það, mælumst vèr til þess, að þær gjörið þær ráðstafanir, sem með þarf, samkvæmt tillögum yðar í bréfum, dagsettum 15. júním. 1869 og 28. nóvbrm. f. á., og húumst vèr við að fá skýrslur frá yður um, hvað gjörzt hefir í þessu, þegar þar að kemur.

4. marz.

17. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um skrásetning skips.²

Eptir að stjórnarráðið hafði sent aðalskattastjórninni til úrskurðar bréf yðar 7. nóvbr. f. á., ásamt fylgiskjöllum, um það, að skonnortuskipið »Reykjavík« verði ritað á aðalskipaskrána fyrir Ísland, höfum vèr fengið bréf frá skattastjórninni, sem vèr sendum yður eptirrit af, en eptir því, sem þar segir, á samkvæmt tilsk.

¹) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands III., 138.

²) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 39.